



Alþingi
Erindi nr. P 128/1095
komudagur 19. 2. 2003

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

18. febrúar 2003

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni:

Umsögn um frv. til brt. á l. um peningabætti og l. um op. eftirlit (548. og 549 mál)

Visað er í bréf nefndarinnar dags. 7. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreind mál. Sökum skyldleika málanna telja SBV rétt að senda sameiginlega umsögn um þau.

548. mál (breyting á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi).

SBV gera ekki athugasemdir við frumvarpið.

549. mál (breyting á lögum um aðgerðir gegn peningabætti)

SBV gera eftirfarandi athugasemdir:

Við 1. efnismgr. 5. gr.


Krafa um að gera "skriflegar skýrslur" virðist ganga lengra en orðalag tilmælanna gerir ráð fyrir ("*...the findings established in writing*"). Að sjálfsögðu er mikilvægt að fjármálafyrirtæki séu vakandi í aðgerðum gegn hugsanlegu peningabætti. Lögin mega þó ekki vera það íþyngjandi að þau dragi úr frumkvæði starfsmanna til að sinna þeim skyldum. Sérstök skýrslugerð er til þess fallin, enda mun ýtarlegri framkvæmd en tíðkast hefur til þessa. Aðalmálið hlýtur að vera að til séu aðgengilegar upplýsingar um atvik sem gætu fallið undir lögin. Í flestum tilvikum má ætla að varðveisla frumgagna hafi meira gildi en sérstök "skýrsla" sem samin hefur verið um málið. Ef gögnin ein og sér gæfu ekki nægilega glögga mynd mætti láta fylgja stutt minnisblað (athugasemdir) um viðkomandi mál.

Rétt er að benda á að í athugasemdum við 5. gr. er ranglega vísað í 11. tilmæli FATF, á að vera það 14.

Við 2. efnismgr. 6. gr.

Orðalagið ".....ber að gefa sérstakan gaum að þeim ríkjum eða ríkjasvæðum....." í 1. málslið er óljóst. Lagt er til að við bætist: *sem þau eiga viðskipti við.*

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Guðjón Rúnarsson', with a long horizontal flourish extending to the right.

Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri